



## Leiðbeiningar eftir brotnám á góð- og illkynja húðbreytingum

1. Skurðir þínir eru hárfínir og eru saumaðir í tveimur lögum. Undir húðinni er sterkur þráður sem eyðist, en utaná er saumað með fínnum þræði sem þarf að fjarlægja eftir ca. eina viku. Ofan á saununum er þunnt „skurðlæknateip“ en ofan á því umbúðapúði sem tekur við þeim fáu blóðdropum sem koma á fyrsta sólarhringnum. Teipið á að liggja ósnert þar til þú kemur til eftirlits.
2. Teipið þolir vatn, svo á þriðja degi skaltu fara í sturtu eftir að hafa fjarlægt umbúðapúðana (ytri umbúðirnar). Góð sturta fækkar bakteríum á húðinni, og minnkar því líkur á sýkingu. Eftir sturtuna geturðu þurrkað teipið með hárburrku. Það er misskilningur að ekki megi koma vatn á nýja skurði. Íslenskt vatn og fljótandi sápa gera ekkert nema gagn til að hindra sýkingu.
3. Eðlilegt er að eftir aðgerðina sé svæðið í kringum blettinn þrútið og aumt.
4. Eðlilegt er einnig að um þrjár til fjórar vikur taki fyrir mestu bólguna að hverfa, og að aðgerðarsvæðið getur verið aumt í allt að þrjá mánuði.
5. Farðu varlega með þig vikurnar eftir aðgerð. Forðastu alla líkamlega áreynslu fyrr en liðið hafa um tvær vikur. Þetta á einnig við um alla íþróttaiðkun.
6. Endurkomutíminn er bókaður eftir rúma viku. Í honum athugum við hvort gróandinn í skurðinum sé eðlilegur og gætum að sýkingareinkennum.
7. Ef skyndilega tekur að vessa úr skurði, það myndast roði og verkur, eða þú færð hita skaltu hafa samband við Andra. Fremur auðvelt er að greina mögulega sýkingu gegnum síma (ljósmyndir / video). Ef þörf krefur kallar Andri þig til skoðunar á stofu og ávísar sýklalyfjum. Þér verður svo fylgt eftir þar til sýkingin er horfin. Vinsamlegast athugið að sýklalyf eru aldrei gefin fyrirbyggjandi, það eykur bara líkurnar á að rækta fram ónæmar bakteríur.
8. Ef í nauðirnar rekur má senda SMS eða hringja beint í Andra: 853 5403
9. Sjáðu til að hafa teip yfir örinu í hið minnsta 9 mánuði, dag og nótt (skipta ca. einu sinni í viku) til að örnið verði eins grannt og hægt er.
10. Mundu að endanlegt útlit öranna kemur ekki í ljós fyrr en að minnsta kosti 9 mánuðir hafa liðið frá aðgerðardegi.

